

5. Gátlisti fyrir skóla

Gátlisti fyrir skóla og viðbrögð við vandkvæðum sem upp geta komið vegna samræmdra könnunarprófa. Gott er að fara yfir þessi atriði a.m.k. 1-2 vikum fyrir prófin.

Mikilvægt er að skólar **undirbúi fyrirlögn vel** og geri viðbragðsáætlun þar sem ákveðið er hvernig skuli bregðast við atvikum sem upp geta komið á prófdögum. Bent er á flokkun í 1., 2. og 3. stigs vanda sem fjallað er um í [viðbragðsáætlun](#) Menntamálastofnunar. Smellið hér (hlekkur á pdf) til að opna viðbragðsáætlun fyrir skóla.

Atriði sem huga þarf að tímanlega fyrir prófin.

Menntamálastofnun mælir með að prenta út þennan lista og haka við eftir því sem við á.

- Búið er að fara vel yfir alla kaflana í „*Leiðbeiningar um framkvæmd*“ á heimasíðu MMS. Sjá [hér](#).
- Búið er að sækja tímanlega um stuðningsúrræði og undanþágur.
 - Sjá leiðbeiningar [hér](#) og [hér](#).
- Búið er að setja upp veflása á tæki eða tölvur tímanlega fyrir prófdag.
 - Sjá leiðbeiningar [hér](#).
- Búið er að opna kynningarpróf með veflás til að sannreyna að tæki séu tilbúin fyrir próftöku.
 - Ein leið er að láta nemendur þreyta kynningarprófið á tækjum sem verða notuð. Sjá kynningarpróf [hér](#).
- Búið er að stilla tungumál vafra á íslensku í öllum tækjum sem nemendur munu nota í prófi.
 - Innskráningarsíður og forsíður prófanna fylgja stillingu í vafra.
 - Sumar síður birtast á ensku sé þetta ekki gert.
 - Sjá leiðbeiningar [hér](#).
- Búið er að skipuleggja prófahald, prófstofur, yfirsetu og öryggisþætti.
- Búið er að yfirfara netþjónustu skólans og tryggja að hún þoli álagið.
 - Ef margir nemendur nota hljóðskrár/stuðningspróf á sama tíma þarf innra net skólans að vera öflugt og nemendur látnir opna prófið í minni hópum (2-5 mínútur á milli).

- Búið er að tryggja að ekki verði mikil notkun á netbeini skólans af hálfu annarra en prófárgangs.
 - Takmarka getur þurft netnotkun annarra árganga en prófárganga.
- Búið er að undirbúa hljóð í tækjum sem nemendur með stuðningsúrræði nota.
 - Stilla þarf hljóðstyrk og tryggja að kveikt sé á hljóði.
- Varatölvur eða tæki eru til staðar í skólanum.
 - Slíkt flýtir viðbrögðum ef tæki hjá nemanda bilar.
- Skólinn hefur tryggt að tæknileg aðstoð sé til staðar ef þörf krefur.
- Áætlun hefur verið gerð um viðbrögð ef nettengingar skólans bregðast.
- Áætlun hefur verið gerð um viðbrögð ef rafmagn fer af skóla eða önnur vandamál verða innan skólans.
- Útskýrt hefur verið fyrir nemendum að próftími stöðvast ef slökkt er á tæki sem notað er.
 - Jafnframt má benda á að svör nemenda vistast.
- Útskýrt hefur verið fyrir nemendum að ekki skiptir máli að allir í stofunni hefji próftökuna á nákvæmlega sama tíma.
 - Klukkan í prófi hvers nemanda ræður próftíma.
 - Klukkan byrjar ekki að telja niður fyrir en nemandi hefur skráð sig inn í prófið.
- Útskýrt hefur verið fyrir nemendum hvernig vinnustikan í prófinu virkar.
 - Farið er á milli kafla eða spurninga með því að klicka á vinnustikuna.
 - Þar má einnig athuga hvort einhverjum spurningum sé ósvarað.
 - Nota má kynningarpróf til að æfa nemendur í prófakerfinu.
- Búið er að prenta prófkóða tímanlega fyrir prófdag.
 - Prófkóði er lykilorð sem nemandi notar til að komast inn í próf.
 - Prófkóða má finna í [Skólagátt](#) þegar tilkynning frá Menntamálastofnun þess efnis hefur borist skólanum.

Menntamálastofnun mælir eindregið með því að nemendur skrái sig ekki allir inn í prófið sömu mínúttunni. Þetta á einkum við ef margir nemendur eru með lesstuðning. Mikið álag getur skapast á innra net skólans ef margir nemendur opna próf á sama tíma. Æskilegt er að láta nokkra nemendur opna próf í einu ef um stóran hóp er að ræða.

Viðbrögð vegna hugsanlegra vandkvæða við fyrirlögn á prófdögum:

- Vantar prófkóða.
Ef prófkóða vantar skal senda tölvupóst á prof@mms.is með nafni nemanda og kennitölu, skóla, nafni og síma tengiliðs (þess sem er að aðstoða nemanda).
- Prófkóði virkar ekki.
Athugið hvort prófkóði hafi verið rétt sleginn inn (prófa að sleppa bandstrikum eða nota lágstafi). Hafi annar nemandi notað tækið í prófi fyrr um daginn gæti þurft að endurræsa það. Ef það virkar ekki, hafið samband við MMS í síma 514-7500 eða sendið tölvupóst á prof@mms.is.
- Prófið opnast ekki eða önnur vandamál koma upp við innskráningu.
Athugið hvort réttur prófkóði var notaður. Ef vandamálið felst í tengingu við net, þ.e. upp kemur villa eða óeðlilega langur tími líður frá innskráningu þar til prófið opnast, er ráðlagt að nemendur skrái sig inn í minni hópum og stuttur tími sé látinn líða á milli hópa. Ef vandamál er enn til staðar skal hafa samband við MMS í síma 514-7500 eða á netfangið prof@mms.is.
- Nemandi missir samband við prófakerfið.
Athugið gæði netsambands og gætið að því að ekki sé álag á neti annars staðar í skólanum. Ef netsamband í skólum er ekki fullnægjandi getur það lýst sér í því að 2-3 nemendur missi samband við kerfið. Ráðlegt er að endurræsa tæki ef nemandi lendir ítrekað í vanda af þessum toga. Ef ekki fæst lausn þarf að hafa samband við MMS í síma 514-7500 eða á netfangið prof@mms.is.
- Vandamál með hljóðskrár.
Athugið hvort örugglega sé kveikt á hljóði í tækinu og það rétt stillt (fara þarf út úr veflás og endurræsa tækið). Prófið önnur heyrnartól. Ef hljóð kemst ekki á þó stillingar séu í lagi er ráðlagt að skipta um tæki. Ef það virkar ekki þarf að hafa samband við MMS í síma 514-7500 eða á netfangið prof@mms.is. Vinsamlegast tilgreinið nafn nemanda, kennitölu, skóla og tengilið.
- Alvarleg tæknileg vandamál – stór nemendahópur nær ekki sambandi við prófakerfi eða missir ítrekað samband við það.
Ef alvarleg tæknileg vandamál koma fram, sem ekki verða rakin til innra nets skólans, tölvu- eða tækjabúnaðar hans, **skal hafa samband við MMS í síma 514-7500**. Stofnunin metur í slíkum tilvikum hvort virkja þarf [viðbragðsáætlun](#) vegna 3. stigs vanda. Sérfræðingar Menntamálastofnunar og þjónustuaðila prófkerfisins hefja strax greiningu á vandann og leita lausna. Ef staðfest er alvarlegt tæknilegt vandamál sem rekja má til prófakerfisins virkjast viðbragðsáætlun vegna 3. stigs vanda, sjá lið 3.2 í viðbragðsáætlun [hér](#).
Þegar próf hefst að nýju er mikilvægt að skrá nemendur inn í það með jöfnu millibili, í smáum hópum eða hvern á fætur öðrum.
- Önnur vandamál. Reynið að beita úrræðum sem bent er á í liðum að ofan. Ef þau duga ekki til hafið samband við MMS í síma 514-7500 eða á netfangið prof@mms.is